



# Foreldrastarf - vinahópar

Vinahópar er verkefni sem foreldrar stýra sjálfir. Markmiðið er að styrkja tengsl nemenda í bekknum og stuðla að góðum bekkjaranda.

Reynslan af vinahópum hefur verið mjög jákvæð. Talið er að með vinahópum innan bekkja sé verið að vinna markvisst forvarnarstarf, einnig er bent á vinahópa sem leið til að vinna úr eineltismálum:

Markmið vinahópa:

- ✓ Að skapa jákvæð samskipti innan nemendahópsins og auka félagslega færni nemenda
- ✓ Nemendur kynnist bekkjarfélögum sínum á öðrum vettvangi og auka tilfinningu barnanna fyrir því að okkur foreldrum stendur ekki á sama um félagslega velferð þeirra
- ✓ Leggja grunninn að farsælum samskiptum barna á unglingsárunum þar sem öryggi barna og félagsleg samtrygging foreldra skiptir mjög miklu máli
- ✓ Gefa foreldrum tækifæri til að kynnast bekkjarsystkinum barna sinna og foreldrum þeirra
- ✓ Fyrirbyggja hugsanleg vandamál s.s. einelti og eða klíkumyndanir

Skipulag

- ✓ Lagt er til að í hverjum hóp séu 4 nemendur (hér er haft í huga að börnin komist í einn bíl ef það er farið eitthvað)
- ✓ Mikilvægt er að hafa samráð við umsjónarkennara í byrjun um skiptingu nemenda í hópa. Hafa verður í huga að blanda saman "sterkum" og "veikum" einstaklingum.
- ✓ Hver hópur hittist á u.þ.b. tveggja vikna fresti. Þetta þarf ekki endilega að vera bundið við laugardaga eða sunnudaga. Föstudagskvöld gætu t.d. hentað einhverjum eða eftir skóla. Gefin eru tímamörk fyrir hvert foreldri/hóp og ákveðið í hvaða röð börnin bjóða í vinahóp
- ✓ Foreldrar/foreldri skiptast á að vera með hópana þannig að eftir tvo mánuði ættu allir foreldrar að hafa verið með hóp einu sinni. Þannig eru einungis foreldrar/foreldri eins barns með hópnum hverju sinni
- ✓ Eftir tvo mánuði eru nýir hópar myndaðir og leikurinn endurtekinn

Ýmislegt er hægt að gera með hópnum og þarf alls ekki að kosta mikið skipulag eða peninga. Mikilvægt er að ekki komi upp metingur innan hóps eða milli hópa þar sem næsti reynir að "toppa" hinn fyrri. Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir sem gefist hafa vel:

Föndra/spila  
Spjalla saman yfir kakóbolla og meðlæti  
Baka köku/búa til pizzu  
Gönguferðir (t.d. með nesti)  
Fjöruferð  
Heimsækja vinnustað  
Skíði/skautar  
Sund  
Hjólaferð (t.d. með nesti)  
Fara á söfn (bókasafn, listasöfn...)

Ýmislegt annað kemur til greina og um að gera að halda kostnaði í lágmarki.

